



Stjórnarfundur AKÍS

Staður og tími: Zoom 21.sept 2021 kl. 19:30

Mætt: Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Halldór Viðar Hauksson (HVH), Hanna Rún Ragnarsdóttir (HRR), Baldvin Hansson (BH), Aðalsteinn Símonarson (AS), Aron Steinn Guðmundsson (ASG), Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Einar Gunnlaugsson (EG), Fylkir Jónsson (FJ), Arnar Már Pálmarsson (ARM)

Fjarverandi: Árni Gunnlaugsson (ÁG)

ARM ritaði fundargerð.

1. Tryggingar

Vinna hafin með lögfræðing, hann óskar eftir nákvæmari upplýsingum hvaða markmið AKÍS hefur í þessum málum.

Lagt til að vinnuhópur hittist á vinnufundi og taki saman frekari punkta hvert markmiðið skuli vera.

2. FIA - NEZ Ráðstefna

FIA-NEZ ráðstefna í Dublin í okt, einnig verður fundir hjá framkvæmdastjórum og NEZ ráðum.

Það á eftir að koma í ljós hvort haustfundir Nez nefnda munu fara fram í persónu eða hvort þeir verði í gegnum fjarfundarbúnað.

Samþykkt að Helga og Arnar fari fyrir hönd AKÍS til Dublin.

3. Keppnishald 2021

Vitað til þess að starfsmenn og keppendur í mótum sumarsins hafi leitað á sjúkrahús í og eftir keppnir sumarsins.

Skýrslur frá öryggisfulltrúum hafa ekki skilað sér úr öllum þeim mótum sem slys hafa komið upp.

Rætt um að skýrslur þurfi að skila sér frá formönnum dómnefnda sem og öryggisfulltrúum.

Takmarkaðar upplýsingar berast til öryggisráðs, ekki verið að vinna hlutina eins og á að vinna þá.

4. Afreksbúðir ÍSÍ 15-18 ára

Næstkomandi laugardag hefjast afreksbúðir ÍSÍ fyrir ungmenni á aldrinum 15-18 ára. Formaður leggur til að AKÍS sendi tilnefningar fyrir ungmenni úr röðum mótorsports. Samþykkt að kynna búðirnar fyrir þeim iðkenndum í mótorsporti á Íslandi og hvetja þau til að taka þátt.

Formaður og framkvæmdastjóri fara í það að heyra í þeim og skrá.

5. Stig til Íslandsmeistara

Í kjölfar ábendingar varðandi stigagjöf fyrir spyrnukeppni á Akureyri var rætt við keppnishaldara og málið skoðað af stjórn AKÍS. Ljóst er að einn keppandi sætti þar brottvísun úr keppni og



samkvæmt grein 12.18 í reglubók FIA falla þá niður öll verðlaun fyrir þátttöku í keppninni. Því eru stig til Íslandsmeistara leiðrétt með tilliti til þess.

6. Valnefnd um Akstursíþróttafólk ársins

Samkvæmt nýju reglunum um akstursíþróttafólk ársins þarf stjórn AKÍS að velja fimm manna valnefnd. Þarf að vera lokið í síðasta lagi 20. október [Sjá reglur hér](#)

7. Tilnefning til FIA um sjálfboðaliða

Skrifstofu AKÍS barst tölvupóstur varðandi sjálfboðaliða verðlaun FIA. AKÍS getur tilnefnt bæði einstakling eða einstaklinga sem hafa unnið mikið saman. Frestur til tilnefningar er 20 okt. Samþykkt að senda út á keppnishaldara og óska eftir tilnefningum.

9. Önnur mál

- Engin önnur mál

Næsti fundur vinnufundur 23.september kl. 19:30 (Zoom)

Fundi slitið kl. 21:02